

Úttekt á rými með tilliti til sóttvarna

- Handþvottur: Aðgengi að vöskum og sápu mjög gott.
- Handspritt: Aðgengi að handspritti mjög gott. Mikilvægt að það sé spritt við inngang svo hægt sé að spritta sig við komu inn í húsið og á leiðinni út.
- Maskar: Tryggja að skjólstæðingar hafi greiðan aðgang að grímum og hafi fleiri en eina grímu hjá sér til skiptanna.
- Rusl: Rusl þurfa að vera aðgengileg svo hægt sé að farga sóttmenguðum grímum og hönskum á öruggan hátt. Ruslatunnur þurfa að vera snertilausar, annaðhvort opnar eða með fótstigi til að draga úr sameiginlegum snertiflötum.
- Loftun: Góð – Gott loftræstikerfi í húsinu.
- 2 metrareglan: Sameiginleg rými lokuð og matarúthlutun fer fram inn á herbergjum svo engar athugasemdir við það eins og staðan er núna.
- Sótthreinsun á snertiflötum: Gott aðgengi fyrir skjólstæðinga að sótthreinsa þá snertifleti sem þeir bera ábyrgð á. Starfsmenn bera ábyrgð á sameiginlegum snertiflötum í opnum rýmum s.s. hurðarhúnum og stigahandrið, þá þarf að sótthreinsa minnst 2x á dag.
- Dreyfing á matarbökkum: Tryggja að starfsmaður sem sér um dreyfingu á matarbökkum fylgi ítrustu sóttvörnum. Sé með hreina hanska á meðan dreyfingu stendur eða sótthreinsi hendur á milli þess sem sóttmengað svæði er snert.
- Hanskar: Hanskar geta veitt falskt öryggi, hanskar verða mengaðir um leið og þeir hafa snert sóttmengað svæði og geta þannig borið bakteríur og veirur á milli. Hanska má ekki sótthreinsa.

Oddný Þorsteinsdóttir

Hjúkrunarfræðingur